

Verklag vegna ofbeldisfullrar hegðunar barns

Tryggja þarf fagleg og örugg vinnubrögð sem einkennast af góðu skipulagi. Líkamlegu inngripi er einungis beitt í neyð ef hegðun nemanda getur leitt til þess að hann valdi sjálfum sér eða öðrum skaða. Nemanda skal alltaf gefið val um að láta af hegðun án inngrips. Ávallt skal halda ró, stundum gott að segja ekkert um sinn, síðan tala rólega og yfirvegað. Huga þarf að líkamstjáningu og orðavali svo barnið upplifi ekki ögrun eða skipun

Fyrstu viðbrögð

- Tryggja öryggi
- Sækja starfsmann, helst sem barnið treystir
- Líkamlegt inngrip ef nauðsyn krefur (ef barnið ætlar að skaða sig eða aðra)
- Taka barnið úr aðstæðum ef hægt er, fækka áreitum (stundum nauðsynlegt að biðja aðra nemendur að yfirgefa aðstæður)

Kæling

- Gefa barninu færi á að róa sig niður
- Hætta líkamlegu inngripi um leið og hægt er
- Vera til staðar

Vinnsla

- Ræða hvað gerðist, hvað orsakaði viðbrögð barnsins
- Lausnaleyti, oft með öðrum nemendum/starfsfólki, hefði verið hægt að bregðast öðruvísi við?
- Sáttافرli

Lok máls

- Huga að fyrirbyggjandi aðgerðum
- Spjalla um næstu skref við nemanda þegar hann er tilbúinn og rólegur
- Kynna úrræði og lausnir - vinna að þeim.
- Máli lokað gagnvart barni

Úrvinnsla

- Upplýsa stjórnendur
- Ræða við foreldra / forráðamenn
- Gera atvikaskráningu í samstarfi við stjórnanda
- Hafa samband við sérfræðiaðila ef við á (t.d. lögreglu, barnavernd, fræðslusvið/velferðarsvið)

Vinnsla hvers máls er í höndum umsjónarkennara í samvinnu við stjórnanda